

8. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 21. nóvember 2018 klukkan 8:30

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Ágústa Guðmarsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Ágústa kom fram með tillögu að dagskrárbreytingu að dagskrárliðum 4 og 12.1 verði víxlað, en engar aðrar breytingar verði á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. 164. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18-87. fundur. Mál nr. 1; Húsar 1 land 165337; Sumarbústaðarland í landbúnaðarlandi; Breytt skráning lóðar/lands. – 1810018.

Geir Magnússon skráður eigandi landsins Húsar L165337 óskar eftir breyttri landnotkun. Að 26,3 ha landi hans verði breytt úr sumarbústaðasvæði í landbúnaðarsvæði.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að skráningu á landnotkun verði breytt til samræmis við gildandi aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022. Einnig er samþykkt að stofnuð verði lóð utan um núverandi sumarbústað á landspildunni og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Við vinnu vegna endurskoðunar á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps, sem fer að hefjast, verður sérstaklega skoðað að fella út á svæðinu frístundasvæði sem hefur merkinguna F4 og nær til landnúmera 165334, 165337 og 165292.

Mál nr. 19; Afgreiðslur byggingarfulltrú – 18-87 – 1810001F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. október 2018 lagðar fram til kynningar.

- 1.2. 165. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18-88. fundur. Mál nr. 1; Hellatún lóð H (L201672); Umsókn um byggingarleyfi; Íbúðarhús – 1810023.

Lögð er fram umsókn Ægis Guðmundssonar dags. 09.10.2018, móttokin sama dag, um byggingarleyfi til að byggja íbúðarhús 151,1 m² á lóðinni Hellatún lóð H (L201672) í Ásahreppi.

Með vísan í bókun hreppsnefndar Ásahrepps á fundi þ. 12. september 2018, mál nr. 2 í fundarlið 1.1, þá leggur hreppsnefnd til að byggingarfulltrúa verði falið að gefa út takmarkað byggingarleyfi sem felur í sér gröft fyrir húsi og fyllingu undir undirstöður.

Mál nr. 2; Kálfholt (L165294); Umsókn um byggingarleyfi; Véla- og verkfærageymsla mhl 04 – breyting – 1810031.

Brynja J. Jónasdóttir vikur af fundi undir þessum dagskrárlið.

Lögð er fram umsókn Ísleifs Jónassonar dags. 20.09.2018, móttekin 11.10.2018, um byggingarleyfi til að breyta mhl 04 véla/verkfærageymslu í íbúðarhúsnæði á jörðinni Kálfholt (L165294) í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við að húsnæðinu verði breytt í íbúðarhúsnæði. Fyrir liggur jákvæð umsögn Brunavarna Rangárvallasýslu.

Skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi fyrir mhl 04.

AG
BJ
EG

Mál nr. 3; Húsar 1 land L165334; Sumarbústaðarland í landbúnaðarland; Breytt skráning lóðar – 1810046.

Gunnar Helgason og Björk Jakobsdóttir leggja fram umsókn um breytingu á skráningu landeignarinnar Húsar 1 land L165334. Umrætt land er skráð 26,3 ha að stærð og er skráð sem sumarbústaðaland í Þjóðskrá Íslands. Sótt er um að landið verði skráð sem landbúnaðarland í Þjóðskrá Íslands. Landið er í gildandi aðalskipulagi Ásahrepps skilgreint sem landbúnaðarland. Einnig er sótt um að innan landspildunnar verði gerð 700 m² lóð undir sumarhús sem er á landinu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að skráningu á landnotkun verði breytt til samræmis við gildandi aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022. Einnig er samþykkt að stofnuð verði lóð utan um núverandi sumarbústað á landspildunni og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Við vinnu vegna endurskoðunar á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps, sem fer að hefjast, verður sérstaklega skoðað að fella út á svæðinu fristundasvæði sem hefur merkinguna F4 og nær til landnúmera 165334, 165337 og 165292.

Mál nr. 15; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-88 – 1810003F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. október 2018 lagðar fram til kynningar.

- 1.3. 166. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18–89. fundur. Mál nr. 1; Laufás L201664 Aukið byggingarmagn Deiliskipulag – 1805044. Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 deiliskipulagstillaga í Laufási í Ásahreppi landnr. 201664, byggingarreits fyrir allt að 150m² hesthúsi. Í aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi við Landvegamót, um Ásveg (nr.275) og Laufásveg (nr.2756). Engar athugasemdir hafa borist vegna auglýstrar tillögu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna og að hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 2; Hestheimar L165277 Tilfærsla á byggingarreitum og aukið byggingarmagn Deiliskipulagsbreyting – 1808046.

Eignarhaldsfélagið Einhamar ehf sækir um breytingu á gildandi deiliskipulagi í landi Hestheima í Ásahreppi. Deiliskipulagsbreytingin nær til þriggja landspildna í Hestheimum (landnr. 165277, 212134, 209012). Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að byggingarmagn á byggingareit Í1 er aukið um 50 m², byggingareitur Ú2 fyrir hesthús er færður til og sömuleiðis byggingareitur fyrir gestahús, Þ3. Þá er afmörkuð lóð fyrir íbúðarhús Í2. Aðkoma að Í4 er færð nokkrum metrum sunnar, í núverandi vegslóða. Á Hestheimum hefur verið rekin ferðapjónusta um árabíl og á henni eru íbúðar- og þjónustuhús, reiðskemma, hesthús og gestahús. Breytt deiliskipulagstillaga er í samræmi við Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022 en skilgreint er allt að 5 ha verslunar- og þjónustusvæði á jörðinni. Þá er heimilt að byggja allt að þrjú íbúðarhús á bújörðum sem ekki tengjast búrekstri á viðkomandi býli.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framkomna tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi Hestheima skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Mál nr. 3; Ás 1-3 land L176490; Byggingarmagn á lóð; Fyrirspurn – 1811014. Reynir Arngrímsson leggur fram fyrirspurn um byggingarmagn á 4,8 ha lóð, Ás 1-3 landnr. 176490, í Ásahreppi. Spurt er hvort leyfi fáiast fyrir byggingu allt að 200m² íbúðarhúsi, allt að 200m² skemmu, gróðurhúsi allt að 50m² og 4 ferðapjónustuhúsum samtals allt að 200m².

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir við að unnið verði deiliskipulag fyrir spilduna sem yrði í samræmi við gildandi aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022 með heimild til að byggja íbúðarhús allt að 200m², skemmu allt að 200m² og eitt aukahús/gróðurhús/gestahús allt að 40m². Ef um verður að ræða gistihýsi, þarf að gera breytingu á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps.

Mál nr. 20; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-89 – 1811001F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. nóvember 2018 lagðar fram til kynningar.

- 1.4. 56. fundur stjórnar byggðasamalags UTU.
Varðandi dagskrárlið 1, þá samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2019, fyrir sitt leyti, og vísar henni til úrvinnslu fjárhagsáætlunar Ásahrepps fyrir árið 2019.
- 1.5. 57. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
Varðandi dagskrárlið 1 (1810012), rekstraráætlun fyrir árið 2019, þá samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps fyrirbyggjandi áætlun fyrir sitt leyti og vísar henni til úrvinnslu fjárhagsáætlunar Ásahrepps fyrir árið 2019.
Varðandi dagskrárlið 2 (1810011), þá er oddvita og sveitarstjóra falið að fara yfir tilboð um kaup á fullbúinni slökkvistöð að Dynskálum 49 með stjórn og öðrum meðeigendum Brunavarna, þannig að hægt verði að taka ákvörðun í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Ásahrepps fyrir árið 2019.
- 1.6. 199. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
Varðandi 2. dagskrárlið (1811016), gjaldskrá Sorpstöðvarinnar, þá er vísað í afgreiðslu á 5. dagskrárlið þessa fundar.
Varðandi 3. dagskrárlið (1810039) þá samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps fyrirbyggjandi áætlun og vísar henni til frekari úrvinnslu við vinnu fjárhagsáætlunar Ásahrepps 2019.
- 1.7. 3. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.
Dagskrárliður 2; viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2018 – 18110072.
Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps 2018. Tillaga um að hækka áætlun vegna rekstrarkostnaðar um kr. 9.134 þús. Dýrar bilanir hafa komið upp á árinu sem hafa orsakað það að rekstrarkostnaður verður meiri en áætlað var. Tillaga um að lækka áætlun vegna fjárfestingar á árinu um 21,5 milljónir kr. Framkvæmdir vegna miðlunartanks í Hjallanesi eru enn á undirbúningsstigi og því verður fjárfesting ársins ekki eins mikil og áætluð var. Önnur fjárfestingarverkefni hafa þó bæst við sem vega á móti s.s. lagnir í nýju hverfi á Hellu og fl. Tillaga um að lántaka ársins verði kr. 120 milljónir í stað 65 milljóna eins og áætlað var. Þessi lántaka dugar þá til að fjármagna fjárfestingu þessa árs og fjárfestingu ársins 2019. Engin lántaka verður þá í áætlun 2019.

AG
EG
KJ

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fram lagðan viðauka 1 samhljóða fyrir sitt leyti.

Dagskrárliður 3, fjárhagsáætlun Vatnsveitu 2019 – 1809009.

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2019. Tillagan gerir ráð fyrir að tekjur verði 82,5 mkr, rekstrarkostnaður auk fjármagnsliða 56,5 mkr og rekstrarniðurstaða 26 mkr. Fjárfesting ársins verði 90 mkr.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi áætlun og vísar henni til frekari úrvinnslu við gerð fjárhagsáætlunar Ásahrepps fyrir árið 2019.

1.8. 3. fundur stjórnar Odda bs.

Varðandi dagskrárlið 2; Rekstraráætlun 2019 – Oddi bs – 18080181

Rekstraráætlunin gerir ráð fyrir að gjaldskrá Odda bs breytist í takt við verðlagsbreytingar. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna Odda bs verði kr. 905.834.000 sem skiptist þannig að hlutur Rangárþings ytra verður kr. 766.783.000 og hlutur Ásahrepps kr. 139.051.000. Áætlunin miðast við fjölda grunn- og leikskólabarna þann 1. október 2018 sem er 191 grunnskólabarn og 110 leikskólabörn sem telja 140,6 barngildi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Odda bs fyrir árið 2019, fyrir sitt leyti, og vísar henni til frekari úrvinnslu við gerð fjárhagsáætlunar Ásahrepps fyrir árið 2019.

1.9. 2. fundur stjórnar Húsakynna bs.

Varðandi dagskrárliði 2 (1810056) og 3 (1810055), þá er lögð fram tillaga að rekstraráætlun 2019. Tillagan gerir ráð fyrir að framlag til reksturs skiptist þannig að Ásahreppur greiði 8,1 mkr en Rangárþing ytra 16,7 mkr. Jafnframt var lögð fram tillaga að fjárfestingaáætlun ársins 2019 sem gerir ráð fyrir að hlutur Ásahrepps verði 6,6 mkr en Rangárþings ytra 13,5 mkr.

Hreppsnefnd Ásahrepps leggur áherslu á að endurnýjun á gólfi íþróttahússins að Laugalandi, með mýkra undirlagi, verði sett inn á framkvæmdaáætlun sem allra fyrst. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Húsakynna bs fyrir árið 2019, fyrir sitt leyti, og vísar henni til frekari úrvinnslu við gerð fjárhagsáætlunar Ásahrepps fyrir árið 2019.

1.10. 9. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga.

Varðandi dagskrárlið 1, fjárhagsáætlun 2019, þá kemur fram að framlög sveitarfélaga fyrir árið 2019 verði kr. 92,6 mkr. Hlutur Ásahrepps verðu 6,8 mkr. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Tónlistarskólans fyrir árið 2019, fyrir sitt leyti, og vísar henni til frekari úrvinnslu við gerð fjárhagsáætlunar Ásahrepps fyrir árið 2019.

1.11. Fundur héraðsráðs Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 26. október 2018.

Varðandi dagskrárlið 1, fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Rangæinga 2019, en þar kemur fram að gert er ráð fyrir tekjum að fjárhæð 30,2 mkr og þar af eru framlög sveitarfélaga 26 mkr. Má áætla að hlutur Ásahrepps verði um 2,25 mkr.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Rangæinga fyrir árið 2019, fyrir sitt leyti, og vísar henni til frekari úrvinnslu við gerð fjárhagsáætlunar Ásahrepps fyrir árið 2019.


AG
EG
BJ
WJ

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 34. fundur stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 2.2. 198. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
- 2.3. 8. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga.
- 2.4. 56. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu.
- 2.5. 55. fundur stjórnar byggðasamlags UTU.
- 2.6. 270. fundur stjórnar SOS.
- 2.7. 271. fundur stjórnar SOS.
- 2.8. 272. fundur stjórnar SOS.
- 2.9. 191. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.10. 537. fundur stjórnar SASS.
- 2.11. 538. fundur stjórnar SASS.
- 2.12. 864. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Þingmál til umsagnar:

- 3.1. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2033 (þingmál 173).
Lögð fram tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2033. Of stuttur fyrirvari er gefinn til umsagnar, aðeins 14 dagar, og er umsagnarfrestur þegar liðinn.
- 3.2. Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2023 (þingmál 172).
Lögð fram tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2023. Of stuttur fyrirvari er gefinn til umsagnar, aðeins 14 dagar, og er umsagnarfrestur þegar liðinn.
- 3.3. Tillaga til þingsályktunar um dag nýrra kjósenda (þingmál 27).
Lagt fram til kynningar en umsagnarfrestur er liðinn.
- 3.4. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna afnáms um uppreist æru (þingmál 222).
Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna afnáms um uppreist æru. Hreppsnefnd Ásahrepps hefur engar athugasemdir við framlagt frumvarp að svo komnu máli.
- 3.5. Frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna (þingmál 212).
Lagt fram frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við framlagt frumvarp.
- 3.6. Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða (þingmál 20).
Lögð fram tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við framlagða tillögu til þingsályktunar.
- 3.7. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í húsnæðismálum (þingmál 5).



Lögð fram tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í húsnæðismálum. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við framlagða tillögu til þingsályktunar að svo komnu máli.

- 3.8. Frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa skv. skipulagsskrá og málefni aldraðra (þingmál 40).
Lagt fram frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa skv. skipulagsskrá og málefni aldraðra. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við framlagt frumvarp að svo komnu máli.
- 3.9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (þingmál 45).
Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við framlagt frumvarp.

4. Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 8. nóvember 2018; svar ráðuneytis vegna kvörtunar Ágústu Guðmarsdóttur.

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis sem varðar kvörtun Ágústu Guðmarsdóttur um framkvæmd kosninga í nefndir, ráð og stjórnir á fyrsta fundi nýrrar hreppsnefndar þann 18. júní 2018. Jafnframt veitir ráðuneytið leiðbeiningar um hvernig standa skuli að kosningum í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að endurkjósa í allar nefndir, ráð og stjórnir fyrir Ásahrepp. Stefnt er að kosning verði á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar þann 19. desember n.k. Sveitarstjóra er falið að taka saman lista yfir nefndir, ráð og stjórnir og senda til oddvita listanna, sem þeir nýta til úrvinnslu við tilnefningar fulltrúa. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni að niðurstaða liggja fyrir frá ráðuneytinu vegna þessa máls.

Bókun E-lista: Fulltrúar E-lista óska eftir afsökunarbeiðni frá meirihluta hreppsnefndar vegna framgöngu fulltrúa L-lista við val í nefndir, ráð og stjórnir sbr. svarbréf ráðuneytis.

5. Ákvörðun um álagningu gjalda og gjaldskrár 2019.

5.1. Álagningarprósenta útsvars 2019
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta útsvars skuli vera óbreytt frá árinu 2018 eða 12,44%.

5.2. Álagningarhlutfall fasteignaskatts 2019
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningaprósenta fasteignaskatts verði:

- A** 0,23% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
- B** 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.
- C** 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.

Afsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt


um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 13. desember 2017.

Gjalddagar verða sex (6) talsins árið 2019, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí. Þar sem heildarupphæð er undir kr. 20.000 er einn gjalddagi, 1. apríl. eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfpósti.

Álagningarseðlar eru aðgengilegir á heimasíðunni www.island.is. Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt. Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfpósti gefst kostur á því og er bent á að hafa samband við skrifstofu hreppsins.

- 5.3. Gjaldskrá kaldvatnsveitu 2019.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vatnsgjald verði ákveðið í sérstakri gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.
- 5.4. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2019.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjald fyrir meðhöndlun úrgangs verði samkvæmt gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs fyrir sorphirðu og sorpeyðingu. Um er að ræða hækkun frá árinu 2018 um 2,7%.
- 5.5. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar á Hellu, Laugalandi og Þykkvabæ.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjaldtaka vegna almennrar notkunar íþróttamiðstöðvanna fari eftir sameiginlegri gjaldskrá Rangárþing ytra og Ásahrepps.
- 5.6. Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa 2019.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að innheimta ekkert árlegt rotþróargjald. Kostnaður af reglubundinnar tæmingu rotþróa verði greiddur úr sveitarsjóði. Aukalosanir verði greiddar af viðkomandi aðilum, þ.e. að innheimt verði fyrir raunkostnaði.
- 5.7. Heimgreiðslur.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um heimgreiðslur, frá desember 2017, verði óbreyttar kr. 30.000.
- 5.8. Íþrótt- og tómsundastyrkur.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um íþrótt- og tómsundastyrki, frá desember 2017, verði óbreyttar kr. 55.000.
- 5.9. Leikskólagjald.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að veittur verði 50% afsláttur af gjaldskrá Odda bs. árið 2019 fyrir börn á leikskóla og að áfram verði niðurgreidd vistun fyrir 5 ára börn 100%.
10. Mötuneytiskostnaður leik- og grunnskólabarna.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að greitt verði áfram 100% mötuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn. Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.



6. **Drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps 2019-2022 (fyrri umræða).**
Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2019 – 2022. Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum drögum að fjárhagsáætlun og forsendum hennar. Umræður urðu um framlögð drög að fjárhagsáætlun og gert grein fyrir einstaka liðum áætlunarinnar. Fjárhagsáætlun Ásahrepps vísað til síðari umræðu og lokaafgreiðslu á sérstökum aukafundi í hreppsnefnd sem haldinn verður miðvikudaginn 5. desember 2018 klukkan 8:30.
7. **Bréf Umhverfisstofnunar dags. 10. september 2018; tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar til kynningar Suðurland – vatnasvið Tungnaár: 24 Tungnaárlón og 25 Bjallavirkjun.**
Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar, en afgreiðslu þessa erindis var frestað á 7. fundi hreppsnefndar.
Hreppsnefnd Ásahrepps gerir athugasemdir við afmörkun friðlýsts svæðis og óskar eftir nánari skýringum á forsendum afmörkunarinnar. Svo víðtæka friðlýsingu er vart hægt að heimfæra sem afleiðingu þess að Tungnaárlón og Bjallavirkjun hafi verið sett í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar sem Alþingi hefur samþykkt. Í rammaáætlun var verið að fjalla um mjög afmörkuð landsvæði sem umrædd virkjunaráform hefðu áhrif á, en engan veginn hægt að skilgreina svæðin nánast á milli fjalls og fjöru eða milli jökla.
Það vekur einnig sérstaka undrun að helst skal sem mest friðlýst, en því svo lýst hátíðlega yfir í umræddu erindi að ekki er gert ráð fyrir að sérstök umsjón eða landvarsla verð á þeim svæðum sem friðlýst verða með þessum hætti.
8. **Vinna deiliskipulags „Hellatún í Ásahreppi“ deiliskipulag íbúðar- og landbúnaðarlóða.**
Sveitarstjóri kynnti stöðu vinnu við deiliskipulag íbúðar- og landbúnaðarlóða í landi Hellatúns. Kynntar voru hugmyndir um staðföng lóða við Laufásveg. Einnig var lagt fram tölvuskeyti frá Eflu, dags. 8. nóvember 2018 þar sem gerð er grein fyrir staðföngum, afmörkun lóða og stærða þeirra.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela Eflu að senda fyrirleggjandi tillögu að deiliskipulagi til skipulagsfulltrúa til meðferðar.
9. **Afskriftir eldri krafna.**
Brynja J. Jónasdóttir vék af fundi undir þessum dagskrárlið.
Sveitarstjóri kynnti stöðu skuldunauta eftir tegundum skulda og gerði tillögu um afskriftir útistandandi krafna.
Tillaga um að afskrifa kröfur vegna fasteignagjalda að upphæð kr. 604.038.
Tillaga um að afskrifa kröfur vegna viðskiptaskulda að upphæð kr. 385.679.
Tillaga um að afskrifa kröfur vegna fjallskila að upphæð kr. 86.960.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að heimila afskrift á umræddum kröfum skv. framlögðum skuldalistum, að að þeim fjárhæðum sem að framan er greint (4 með ÁBÓ, GG og ÁG) og einn á móti (EG). AK
- Ágústa Guðmarsdóttir vék af fundi í lok þessa dagskrárliðar.
10. **Endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps.**
Umræða varð um endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að endurskoða Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022. AK
EG

Málinu frestað til næsta fundar og sveitarstjóri vinni áfram að undirbúningi málsins.

11. Ákvörðun um endurgreiðslu vegna bæjarlýsingar, ljósastaurar.

Sveitarstjóri lagði fram yfirlit yfir kostnað við bæjarlýsingu, sem fengin var hjá RARIK og Orkusölu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að endurgreiðsla vegna bæjarlýsingar verði kr. 54.000 fyrir tvo ljósastaura á hvert heimili þar sem skráð er búseta.

12. Innsend bréf og erindi:

12.1. Stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í Þjóðlendum, frá forsætisráðuneytinu.

Lögð fram drög að stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í Þjóðlendum sem kynnt hefur verið á samráðsgátt stjórnarráðsins.

Hreppsnefnd Ásahrepps finnst að tekið sé dýpra í árinna varðandi samgögnmál en landsskipulagsstefnan segir til um. Rétt er að benda á að til staðar eru staðfest aðalskipulög sveitarfélaga og rétt væri að hafa tilvísun til þeirra varðandi heimildir til vegaframkvæmda á hálendi Íslands.

12.2. Bréf Markaðsstofu Suðurlands, dags. 31. október 2018; ósk um framlengingu á samstarfssamningi.

Lagt fram bréf Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir framlengingu á samstarfssamningi um tvö ár. Gert er ráð fyrir að samningurinn verði óbreyttur, sem svarar til kr. 430 á hvern íbúa til næstu tveggja ára.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að framlengja samninginn um tvö ár á þessum forsendum.

12.3. Bréf Stígamóta, dags. 31. október 2018; styrkbeiðni.

Lagt fram bréf Stígamóta þar sem óskað er eftir fjárstyrk. Erindinu hafnað.

12.4. Bréf Þjóðskrár Íslands, dags. 9. október 2018; skráning fasteigna.

Lagt fram bréf Þjóðskrár Íslands þar sem sveitarstjórn er gefinn kostur á að gera athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á skráningu lögheimila en um er að ræða misræmi á staðföngum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að óska eftir röksemdum fyrir þessari breytingu áður en hægt er að taka afstöðu til málsins.

12.5. Tölvuskeyti Ljóssins, dags. 5. október 2018; styrkbeiðni.

Lagt fram tölvuskeyti Ljóssins þar sem óskað er eftir styrk í formi styrktarlínu í fréttablaði Ljóssins. Erindinu hafnað.

12.6. Tölvuskeyti Knattspyrnufélags Rang. dags. 7. og 8. nóvember 2018; ósk um fund með sveitarstjórum sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og beiðni um samstarfssamning KFR og Ásahrepps.


Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að sveitarfélagið greiðir íþrótt- og tómstundastyrk fyrir börn og ungmenni allt að 18 ára aldri, skv. reglum þar að lútandi.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur vel í þá beiðni um sameiginlegan fund stjórnar KFR með sveitarstjórum sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu. Sveitarstjóri Ásahrepps mun mæta til slíks fundar fyrir hönd Ásahrepps.

A-li
A. H.
E. G.
J. W.

- 12.7. Tölvuskeyti Samtakanna 78, dags. 12. október 2018; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti Samtakanna '78 þar sem óskað er eftir styrk með birtingu merkis hreppsins í afmælisriti samtakanna. Jafnframt er boðið að halda fræðslu fyrir vinnustaði. Erindinu hafnað.
- 12.8. Bréf Afslins, dags. 4. október 2018; styrkbeiðni.
Lagt fram bréf Afslins þar sem óskað er eftir fjárstyrk til reksturs samtakanna. Erindinu hafnað.
- 12.9. Tölvuskeyti Styrktarfélag Krabbameinssjúkra barna, dags. 22. október 2018; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti Styrktarfélag Krabbameinssjúkra barna þar sem óskað er eftir styrk í formi auglýsingar eða styrktarlínu í blaði félagsins. Erindinu hafnað.
- 12.10. Tölvuskeyti Neistans, dags. 29. október 2018; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti Neistans þar sem óskað er eftir styrk í formi auglýsingar eða styrktarlínu í blaði félagsins. Erindinu hafnað.
- 12.11. Bréf HSK, dags. 1. nóvember 2018; ósk um samstarf vegna 97. héraðsþings HSK.
Lagt fram bréf HSK þar sem óskað er eftir samstarfi vegna 97. héraðsþings HSK. Samstarfið felur í sér að Ásahreppur útvegi HSK húsnæði fyrir þingið endurgjaldslaust. Einnig er óskað eftir því að Ásahreppur bjóði um 110 þingfulltrúum í mat á þinginu.
Hreppsnefnd Ásahrepps tekur vel í erindi HSK og er hreppurinn reiðubúinn til að taka að sér hlutverk gestgjafa, þ.e. að útvega húsnæði endurgjaldslaust og bjóða þingfulltrúum í mat á þinginu.
- 12.12. Tölvuskeyti SEEDS, dags. 2. nóvember 2018; ósk um samstarf á árinu 2019.
Lagt fram tölvuskeyti SEEDS þar sem óskað er eftir samstarfi á árinu 2019. Erindinu hafnað
- 12.13. Tölvuskeyti Tactica, dags. 7. nóvember 2018; uppfærslusamningur vegna heimasíðu Ásahrepps.
Lagt fram tölvuskeyti Tactica þar sem Ásahreppi er boðin þjónusta sem innifelur uppfærslu á heimasíðu sveitarfélagsins og innsetningu á öllum öryggisviðbótum ásamt prófunum eftir uppfærslur. Umrædd þjónusta kostar kr. 7.250 + VSK á mánuði.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að semja við Tactica um umrædda þjónustu og felur sveitarstjóra að ganga frá og undirrita samning þar að lútandi fyrir hönd Ásahrepps.

Elín Grétarsdóttir vék af fundi eftir þennan dagskrárlið, klukkan 14:00. Þar sem enginn fulltrúi E-lista er þá lengur sitjandi hreppsnefndarfundinn, þá er honum frestað. Oddviti mun vera í sambandi við alla hreppsnefndarfulltrúa til að finna tíma fyrir framhaldsfund.



Fundi er framhaldið fimmtudaginn 22. nóvember 2018 klukkan 17:00 á skrifstofu Ásahrepps. Allir aðalmenn voru mættir, þeir sömu og nefndir voru í upphafi fundargerðar 8. fundar hreppsnefndar Ásahrepps.

- 12.14. Tölvuskeyti sjálfstæðisfélaganna í Árborg, dags. 7. nóvember 2018; jólakveðja í jólablaði Suðurlands.
Lagt fram tölvuskeyti sjálfstæðisfélaganna í Árborg þar sem boðið er að birta jólakveðju í jólablaði Suðurlands skv. verðskrá.
Erindinu hafnað.
- 12.15. Tölvuskeyti Hjartaheill, dags. 13. nóvember 2018; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti Hjartaheill þar sem óskað er eftir styrk í formi birtingar auglýsingar eða styrktarkveðju í blaði samtakanna. Erindinu hafnað.
- 12.16. Aðalfundur Rangárhallarinnar, þann 27. nóvember 2018; val á umboðsmanni Ásahrepps á aðalfundinum.
Lagt fram aðalfundarboð Rangárhallarinnar. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að Ásta B. Ólafsdóttir fari með umboð Ásahrepps á aðalfundinum.
- 12.17. Boð KPMG um fræðslufund fyrir hreppsnefndarfulltrúa.
Lagt fram lýsing á fræðslufundi fyrir hreppsnefndarfulltrúa sem KPMG býður Ásahreppi að kostnaðarlausu. Um er að ræða fræðslufund sem tekur um 3 klukkustundir og fjallar um stjórnáætlun í tengslum við fjármál sveitarfélaga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að óska eftir slíkum fræðslufundi. Kannað verður með það hvort hægt verði að koma því við að hafa slíkan fund á aukafundi hreppsnefndar þann 5. desember 2018, klukkan 8:00, í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2019-2022.

13. Kosning í nefndir:

- 13.1. Kosning eins aðalmanns og eins varamanns í Almannavarnarnefnd.
Málinu frestað til 19. desember n.k.
- 13.2. Kosning varamanns í útivistarnefnd, vísað til dagskrárliðar 2a á 3. fundi hreppsnefndar.
Málinu frestað til 19. desember n.k.
- 13.3. Kosning eins aðalmanns í kjörstjórn Ásahrepps; tölvuskeyti Kristjönu Ragnarsdóttur, dags. 9. október 2018.
Málinu frestað til 19. desember n.k.

14. Bréf og erindi til kynningar:

- 14.1. Ábending frá Persónuvernd vegna misskilnings í skólasamfélaginu um gildissvið nýrra persónuverndarlaga.
- 14.2. Tölvuskeyti Landsvirkjunar, dags. 22. október 2018; rusl á afrétti - hreinsun 2018.
- 14.3. Grímsnes- og Grafningshreppur bíður hreppsnefnd Ásahrepps til afmælishátíðar 1. desember 2018.

15. Drög að samningi um persónuverndarfulltrúa ásamt upplýsingum um persónuverndarfulltrúa og réttindi einstaklinga. Einnig upplýsingar um innbyggða og sjálfgefna persónuvernd.

Lögð fram drög að samningi um persónuverndarfulltrúa við Dattaca Labs ásamt upplýsingum frá þeim um persónuverndarfulltrúa og réttindi einstaklinga. Einnig voru lagðar fram upplýsingar um innbyggða og sjálfgefna persónuvernd.


Sveitarfélögum er skylt að vera með persónuverndarfulltrúa skv. lögum. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að semja tímabundið við Dattaca Labs um að taka að sér það hlutverk sem felst í persónuverndarfulltrúa fyrir sveitarfélagið. Samningurinn verði uppsegjanlegur með tveggja mánaða fyrirvara. Sveitarstjóra falið að undirrita samning fyrir hönd Ásahrepps.


16. Ákvörðun um íbúafund.


Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að stefna að íbúafundi 12. janúar 2019.


Fundargerð yfirlésin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.



Ásta B. Ólafsdóttir


Guðmundur Gíslason


Brynja J. Jónasdóttir


Elín Grétarsdóttir


Ágústa Guðmarsdóttir


Valtýr Valtýsson